



1. Vistvænni tískuiðnaður

DSU, AUF, Demarinuoret

Nú á tímum er tískuiðnaðurinn meðal þess sem veldur hvað mestu álagi á loftslagið. Of oft er fatnaður framleiddur af lélegum gæðum með það fyrir augum að hann slitni hratt, en það ýtir undir neyslu og eykur hagnað atvinnugreinarinnar. Þetta leiðir til þess að allt að 660 þúsund tonn af fatnaði eru brennd í Evrópu á hverju ári. Þetta gerist vegna þess að neyslumenningin breytist svo ört að verslanir ná ekki að selja allar vörur áður en nýir straumar segja til um hvað eigi að vera á hillunum, og einnig vegna þess að slitin föt þykja óhæf til notkunar.

Á sama tíma er árleg fataneysla Norðurlandabúa meiri en heimsmeðaltalið, sem gerir okkur að einum stærsta neytendahópnum. Þess vegna er brýn þörf á norrænum samningi um vistvænan og sjálfbæran tískuiðnað.

Neytendur þurfa að geta séð hvort föt eru framleidd úr ábyrgum og sjálfbærum efnum til að taka upplýstar ákvarðanir um neyslu sína. Of oft veldur grænþvottur og villandi markaðssetning því að neytendur kaupa vörur og auka neyslu sína sem þeir hefðu annars ekki valið.

UNR leggur til að Norðurlandaráð beiti sér fyrir því að:

- innleiða bann við brennslu fatnaðar á Norðurlöndum;
- fjármagna rannsóknir á endurunnum textíl;
- herða aðgerðir gegn grænþvotti og villandi markaðssetningu fataiðnaðarins;
- banna auglýsingar á skynditísku.



2. Réttlát stafrænt samfélag – fyrir okkur öll

DSU, AUF, Demarinuoret

Samfélög okkar sjá nú tæknibreytingar sem munu skrifa sig inn í sögubækurnar. Mikil áhrif samfélagsmiðla, óskiljanlegir og stjórnlausir algóritmar ásamt gervigreind sem við áttum okkur ekki á eru að umbreyta því hvernig við tengjumst sjálfum okkur, hvert öðru og samfélaginu sem við erum hluti af. Þessar tækniframfarir geta skapað frelsi, framfarir og ný tækifæri en eins og við höfum því miður séð, geta þær einnig sundrað samfélögum, skaðað samloðun og aukið fátækt.

Börn langt undir aldurstakmörkum eiga auðvelt með að stofna reikninga á samfélagsmiðlum, gögn notenda eru seld hæstbjóðanda án þess að notendurnir átti sig á því og fullkomnunarvenning samfélagsmiðlanna ýtir undir almenna vanlíðan. Þetta kallar á pólitískar aðgerðir. Tækniþróunin hefur of oft farið hraðar en pólitískur vilji til að bregðast við þeim. Þessu viljum við breyta.

UNR leggur til að Norðurlöndin:

- krefjist auðkenningar á samfélagsmiðlum svo aldurstakmörk þeirra séu virt og falsreikningar útilokaðir;
- hefji átaksverkefni til að auka eignarhald notenda yfir eigin gögnum og verðmæti þeirra með það fyrir augum að koma á raunverulegum stafrænum eignarrétti yfir eigin gögnum;
- innleiði kennslu í grunnskólum í tækniskilningi, stafrænni siðfræði, gervigreind og líðan á samfélagsmiðlum til að bregðast við skaðlegum áhrifum stafrænnar tækni;
- setji lög sem krefjast merkinga á efni sem er búið til af gervigreind. Einnig á að krefjast þess að gervigreind gefi upp áreiðanleikastuðul þess efnis sem verður til fyrir tilstilli hennar.



3. Samstaða með Palestínu

Ung vinstri græn, Sosialistisk Ungdom, Vasemmistonuoret, Rød-Grøn Ungdom, Unga Tjóðveldi og Inuusuttut Ataqtigiit

Það sem á sér stað á Gaza er versta árásin á Palestínu síðan Al-Nakba 1948, þegar nýstofnað ríki, Ísrael, hrakti 800 þúsund Palestínumenn á flóttu. Af 2,2 milljónum íbúa Gaza eru nú um 75% á flóttu í eigin landi eftir loftárásir. Aldrei hafa eins margir verið drepnir af Ísraelsher. Hungursneyð vofir yfir íbúum Gaza um leið og Ísrael kemur í veg fyrir að neyðaraðstoð berist þangað. Þrátt fyrir að langar biðraðir flutningabíla með hjálpargögn bíði við landamæri Gaza er ekki nógu mörgum hleypt í gegn til þess að fullnægja mannúðarþörfum.

Á sama tíma og Ísrael fremur þjóðarmorð á Gaza rísa fjölmargar nýjar ísraelskar landtökubýggðir á Vesturbakkanum. Fyrir vikið eru Palestínumenn hraktir af heimilum sínum sem er þáttur í aðskilnaðarstefnu Ísraels. Í kjölfar árásarinnar 7. október 2023, sem UNR fordæmir, hefur ofbeldi í samskiptum landtökumanna og Palestínumanna á Vesturbakkanum aukist. Ísraelsk stjórnvöld hafa aukið innrásir á Vesturbakkann og eyðileggingu innviða. Ísrael hefur einnig fjölgað handtökum og morðum. Aldrei hafa eins mörg börn verið drepin á Vesturbakkanum.

Norðurlandaráð ungliða fordæmir árásir Ísraels á Palestínu. Ísrael brýtur alþjóðalög og drýgir grófa glæpi gegn mannkyninu auk þess sem verið er að rannsaka brot landsins á sáttmálanum um þjóðarmorð. Þetta ber að fordæma og beita viðurlögum.

Sameinuðu þjóðirnar samþykktu 18. september, með yfirgnæfandi meirihluta, ályktun sem Palestína flutti þar sem þess er krafist að hernámi Ísraels ljúki. Allsherjarþingið hvatti ríkin til að viðurkenna ekki nærveru Ísraels á hernumdum svæðum sem lögmæta og tryggja að þau veiti ekki aðstoð sem viðheldur ástandinu sem hernámið hefur skapað. Þetta felur í sér aðgerðir til að koma í veg fyrir að ríkisborgarar þeirra og fyrirtæki eða stofnanir innan lögsögu þeirra taki þátt í að styðja eða viðhalda hernámi Ísraels.

Norðurlandaráð ungliða stendur með palestínsku þjóðinni og berst fyrir frelsi hennar. Við krefjumst réttar hennar til frelsis frá stríði, en einnig frelsis frá 76 ára hernámi. Frelsi er forsenda þess að raunverulegur friður náist. Frjáls Palestína!

Norðurlandaráð ungliða hvetur aðildarríkin til að:

- fordæma árás Ísraels á Gaza;
- fordæma aðskilnaðarstefnu Ísraels, styðja samning Sameinuðu þjóðanna gegn aðskilnaðarstefnu og greiða atkvæði með endurreisn Fastanefndar SP gegn aðskilnaðarstefnu;
- grípa til aðgerða til að tryggja að vopn framleidd á Norðurlöndum endi ekki í Ísrael;
- viðurkenna Palestínu sem ríki;
- leggja sitt af mörkum á alþjóðavettvangi til að koma á varanlegri og réttlátri friðarlausn;
- beita þeim aðilum viðskiptaþvingunum sem hagnast á eða styðja hernám Palestínu.



4. Nordjobb verði aðgengilegt fyrir allt ungt fólk með dvalarleyfi

Samband ungmennadeilda norrænu félaganna

Nordjobb-áætlunin veitir ungu fólki einstakt tækifæri til að kynna, starfa og dveljast annars staðar á Norðurlöndum. Eins og staðan er nú er áætlunin þó eingöngu opin ungu fólki með ríkisfang í einu Norðurlandanna eða ESB-landi. Margt ungt fólk sem býr á Norðurlöndum og hefur dvalarleyfi er útilokað að ástæðulausu frá áætluninni.

Meðal þeirra sem hafa dvalarleyfi er margt ungt fólk sem hefur áhuga á að vinna annars staðar á Norðurlöndum á vegum Nordjobb, en getur það ekki eins og reglurnar eru nú. Aðgengi að áætluninni myndi auka aðdráttarafl norræna vinnumarkaðarins, stuðla að jöfnuði, auðvelda ungu fólki að aðlagast og fjölga tækifærum til að öðlast innsýn í menningu, tungumál og vinnumarkað Norðurlandanna.

UNR leggur til að:

- Nordjobb-áætlunin verði gerð aðgengileg öllu ungu fólki sem býr á Norðurlöndum og hefur tímabundið eða varanlegt dvalarleyfi.



5. Stuðlað að aukinni þátttöku ungs fólks á öllum Norðurlöndum

Samband ungmennadeilda norrænu félaganna

Mikilvægt er að ungt fólk taki þátt í ákvörðunartöku til að raddir þess heyrist og tekið sé tillit til þarfa þess í samfélaginu og við ákvarðanatöku. Á öllum Norðurlöndunum starfa æskulýðsráð eða stofnanir fyrir þátttöku ungs fólks en með mismunandi hætti eftir löndum og svæðum. Við sjáum að hlustað er á raddir ungs fólks þegar sameiginlegar ákvarðanir eru teknar í Norðurlandaráði sem tekur til allra Norðurlanda. Hlutdeild þeirra er ekki alltaf eins mikil á landsvísu og staðbundið.

Sums staðar á Norðurlöndum eru ráð á landsvísu, til dæmis í Finnlandi með hópnum Dagskrá ungs fólks 2030, en mikilvægt er að sambærilegar nefndir verði treystar í sessi á öllum Norðurlöndum. Þannig getum við tryggt að hlustað verði á raddir unga fólksins og það geti haft áhrif á framtíð sína.

UNR leggur til að:

- Norðurlöndin þróa sameiginlegt kerfi til að efla þátttöku ungs fólks á landsvísu í löndunum;
- kerfið feli í sér almenna skyldu til að taka tillit til sjónarmiða ungs fólks í öllum mikilvægum lagafrumvörpum og til að koma á fót nefndum á landsvísu þar sem ungu fólki gefst kostur á að hafa áhrif á ákvarðanir sem teknar eru;
- ungt fólk fái einnig málfrelsi, viðverurétt og tillögurétt í stofnunum þar sem ákvarðanir eru teknar.



6. Full aðild Grænlands og Færeyja að Norðurlandaráði

Inuusuttut Ataqtigiit

Í ljósi einstakrar landfræðilegrar legu Grænlands og Færeyja milli tveggja stórvelda í norðri, Bandaríkjanna og Rússlands, auk þess sem Grænendingar og Færeyingar búa við eigin menningarlegar, samfélagslegar og efnahagslegar aðstæður, og eiga söguleg tengsl við önnur Norðurlönd, er hér lögð fram ályktun um að Grænland og Færeyjar öðlist sjálfstæða aðild að Norðurlandaráði. Með því gæti Norðurlandaráð sýnt heiminum gildi lýðræðis, samstöðu og samheldni.

Grænland stendur frammi fyrir þeirri hættu að einangrast frá hinum Norðurlöndunum og gæti færst nær Rússlandi og Kína, sem sýna nú þegar mikinn áhuga á norðurslóðum. Grænland er þegar útilokað af skandinavísku löndunum, og ef Grænlandi er ýtt í átt til Kína og Rússlands gætu Norðurlöndin staðið frammi fyrir tveimur víglínum, í vestri og í austri. Ef Norðurlöndin geta sýnt samstöðu með Palestínu ættu þau einnig að sýna samstöðu með Grænendingum og Færeyingum og ósk þeirra um sjálfstæða aðild að Norðurlandaráði.

Nú eru sannarlega óvissutímar á Norðurlöndum sem og víðar í heiminum. Norðurlöndin verða að beita sér fyrir samstöðu og samheldni og snúa bökum saman í vinnunni að friði, jöfnuði og lýðræði um allan heim.

- Norðurlandaráð skal á næstunni samþykkja Grænland og Færeyjar sem sjálfstæða aðila að Norðurlandaráði, í síðasta lagi innan tveggja ára.
- Fjölgað verði í 13 fulltrúa í forsætisnefnd þannig að Grænland og Færeyjar eigi þar sjálfstæða fulltrúa.
- Norræna ráðherranefndin skuldbindi sig til að bjóða Grænlandi og Færeyjum á fundi ráðherranefndarinnar.
- Ef Álandseyjar óska eftir sjálfstæðri aðild, skuldbindi Norðurlandaráð sig til að samþykkja Álandseyjar í sams konar ferli.



7. Prókúruumboð óháð búsetu á Norðurlöndum

Ungmennadeild Norræna félagsins í Danmörku

Í dag er orðið mun auðveldara fyrir norræna borgara að eiga samskipti og stofna félög yfir landamæri vegna stafrænna vettvanga og betri samgöngutenginga.

Hins vegar er nánast ógerlegt að kjósa formann eða gjaldkera frá öðru norrænu landi en því landi sem banki viðkomandi er skráð í þar sem bankar krefjast þess að þau sem fara með prókúru félags hafi kennitölu í sama landi og bankinn.

Þetta stendur í vegi fyrir norrænu samstarfi og þróun þess.

Þess vegna leggur FNU Danmark til að samþykkt verði:

- að UNR vinni að því að bankar geti samþykkt prókúruumboð kjörins fulltrúa óháð búsetu á Norðurlöndum;
- að ríkisstjórnir Norðurlanda setji lög sem leyfa norrænum félögum að velja stjórnir með fulltrúum frá mismunandi Norðurlöndum og veita þeim umboð, þótt þeir búi ekki í sama landi og bankinn er skráður í.



8. Þjóða úkraínskum polendum árásarstríðs Rússlands gegn Úkraínu sálfræðiaðstoð

Nordens Liberale Ungdom

Frá því að Rússar réðust inn í Úkraínu 24. febrúar 2022 hefur úkraínska þjóðin mátt þola gífurlega streitu, ofbeldi og missi sem hefur valdið ýmsum geðrænum kvillum, þar á meðal áfallastreituröskun (PTSD), þunglyndi og kvíða. Samkvæmt Alþjóðaheilbrigðisstofnuninni (WHO) er áætlað að 9,6 milljónir Úkraínnumanna glími við geðheilbrigðisvanda vegna stríðsins. Árið 2023 greindi heilbrigðisráðuneyti Úkraínu frá því að aðeins einn af hverjum 50 Úkraínumönnum hefði fengið greiningu. Árið 2017 voru 11,6 geðlæknar á hverja 100.000 íbúa í Úkraínu, og árið 2016 voru einungis 0,56 á hverja 100.000 Úkraínnumenn sem veittu sálfræðilega meðferð.

Norðurlandaráð ungliða viðurkennir þann mikla sálræna skaða sem stríðið í Úkraínu hefur valdið bæði úkraínskum hermönnum og óbreyttum borgurum og telur brýnt að takast á við geðheilbrigðisvandamál sem hafa komið upp vegna sálrænna áfalla sem Úkraínnumenn hafa orðið fyrir. Þessi áskorun mun skaða framtíðarþróun Úkraínu um langa tíð. Norðurlandaráð ungliða hvetur Norðurlöndin til að skuldbinda sig til að aðstoða við endurhæfingu úkraínskra hermanna og óbreyttra borgara.

UNR leggur til að Norðurlöndin

- viðurkenni formlega þann mikla sálræna skaða sem úkraínskir hermenn og almenningur hafa orðið fyrir;
- að sálfræðingar og geðlæknar frá Norðurlöndum þjálfu nýja úkraínska sérfræðinga til að veita meðferð þeim sívaxandi fjölda fólks sem glímur við geðheilbrigðisvanda;
- Norðurlöndin þróa og bjóði upp á sérsniðin atvinnuúrræði og starfsþjálfun til að auðvelda aðlögun og endurkomu Úkraínnumanna til heimalandsins.



9. Eflt norrænt samstarf og jafnrétti fyrir Færeyjar, Grænland og Álandseyjar

Nordens Liberale Ungdom

Norðurlöndin hafa löngum verið leiðandi og öðrum fyrirmynd í alþjóðlegu samstarfi. Norræn gildi eins og traust, virðing og jafnræði milli landa, stjórnmálaskoðana og þjóðfélagshópa hafa einkennt norræna samninga.

Framtíðarsýn Norðurlandaráðs um að Norðurlöndin verði samþættasta og sjálfbærasta svæði heims árið 2030, auk alþjóðlegra og hnattrænna ógnana á okkar tímum, krefjast þess að samstarfið verði eftl enn frekar og að raddir allra heyrast í norrænu samstarfi.

Norðurlandaráð ungliða telur að Norðurlandaráð og Norræna ráðherranefndin eigi að endurskoða Helsingforssamninginn og bæta við ákvæðum um nýtt samstarf um varnarmál, loftslagsmál, líffræðilega fjölbreytni, aðkomu ungs fólks auk þess að nefna Norðurlandaráð ungliða.

Norðurlöndin ættu enn fremur að sýna forystu í alþjóðlegu samstarfi með því að bjóða Færeyjum, Grænlandi og Álandseyjum sjálfstæða aðild að Norðurlandaráði á jafnræðisgrundvelli og að löndin undirriti Helsingforssamninginn.

UNR hvetur Norðurlandaráð og Norrænu ráðherranefndina til að:

- bæta inn ákvæðum um varnarmál, loftslagsmál, líffræðilega fjölbreytni, aðkomu ungs fólks og nefna Norðurlandaráð ungliða í Helsingforssamningnum;
- veita Færeyjum, Grænlandi og Álandseyjum sjálfstæða aðild að Norðurlandaráði og Norrænu ráðherranefndinni á jafnræðisgrunni;
- gera Færeyjar, Grænland og Álandseyjar að meðundirriturum Helsingforssamningsins.



10. Látum ekki regluna um samhljóm standa í vegi fyrir norrænu samstarfi

Nordens Liberale Ungdom

Norrænt samstarf hefur byggst á samhljómi og samstarfsvilja sem hefur skilað ýmis konar árangri og samningum sem hafa orðið umheiminum innblástur.

Reglan um samhljóm hefur þó hamlað framgangi norræns samstarfs þar sem sérhagsmunir einstakra landa geta staðið í vegi fyrir skynsamlegum aðgerðum sem gætu gert Norðurlöndin að samþættasta og sjálfbærasta svæði heims.

Með útvíkkun Helsingforssamningsins, þar sem Færeyjum, Grænlandi og Álandseyjum er boðin sjálfstæð aðild að Norðurlandaráði og Norrænu ráðherranefndinni á jafnræðisgrundvelli er hætt við að reglan muni valda meiri vandkvæðum en áður og telur Norðurlandaráð ungliða rétt að víkja frá reglunni um samhljóm.

Norðurlandaráð ungliða hvetur Norrænu ráðherranefndina til að:

- Norræna ráðherranefndin víki frá reglunni um samhljóm í norrænum samningum.



11. Staða kvenna í Afghanistan

Ung Vinstri Græn, Sosialistisk Ungdom, Vasemmistonuoret, Rød-Grøn Ungdom, Unga Tjóðveldi, Inuusuttut Ataqatigiit

Staða kvenna í Afganistan er óviðunandi og hefur versnað síðan Talíbanar komust til valda í ágúst 2021. Þeim er neitað um sjálfræði, menntun og rétt til sjálfstæðs lífs.

Nauðsynlegt er að alþjóðasamfélagið ítrekað fordæmi brot Talíbana á réttindum kvenna og styðji við þær konur sem ekki njóta þeirra grundvallarmannréttinda sem þær eiga skilið. Mikilvægt er að halda á lofti gildum kvenfrelsis og félagslegs réttlætis í alþjóðasamstarfi og vinna gegn þeirri þróun að réttindi kvenna séu þverbrotin vegna hernaðar- og trúarofstækis.

UNR krefst því að Norðurlöndin:

- Fordæmi aðför Talíbana að réttindum kvenna og vinni markvisst að því að rétta hlut þeirra sem ekki njóta grundvallarmannréttinda
- Auki mannúðaraðstoð fyrir afganskar konur og börn, með áherslu á menntun, heilbrigðisþjónustu og sálfræðilegan stuðning fyrir þolendur ofbeldis
- Auki hælisúrræði fyrir afganskar konur og fjölskyldur þeirra og veiti öruggi og stuðning fyrir þau sem flýja ofsóknir.



12. Engar aðgerðir án samþykkis

Ung Vinstri Græn, Sosialistisk Ungdom, Vasemmistonuoret, Rød-Grøn Ungdom, Unga Tjóðveldi, Inuusuttut Ataqtigiit

Fosen-málið, þar sem hæstiréttur Noregs úrskurðaði að bygging vindmylla á hreindýraræktarlandi í Fosen bryti gegn réttindum Sama, varpaði ljósi á mikilvægi langvarandi baráttu fyrir réttindum frumbyggja í Sápmi. Þetta mál er aðeins ein birtingarmynd þess hvernig slík uppbygging á landi Sama getur brotið gegn réttindum þeirra, menningararfi, lífsviðurværi og umhverfi.

Þó Fosen-málið hafi fengið mikla athygli eru ótal önnur mál sem fá ekki sömu athygli. Í Sápmi eru ný verkefni samþykkt og sett af stað án samráðs við Sama og jafnvel þegar samráð er haft er sjónarhorn þeirra oft hunsað. Afleiðingin er sú að samísk samfélög eru ítrekað látin berjast fyrir varðveislu lands síns og hefða.

Til að tryggja að framtíð Sápmi og réttindi Sama séu virt er brýn þörf á heildstæðu kortlagningarverkefni þar sem svæði sem skipta máli fyrir menningarvenjur og lífsviðurværi Samí eru skilgreind á skýran hátt. Kortlagningin ætti að fara fram í fullu samstarfi við Sama og skýrt ætti að vera hvar ekki ætti að fara í ný verkefni. Með því að skilgreina þessi svæði á skýran hátt er hægt að koma í veg fyrir að átök eins og Fosen eigi sér stað í framtíðinni.

Því ætti Norðurlandaráð að:

- Setja af stað kortlagningarverkefni af Sápmi eins og lýst er hér að ofan í samráði við Sama.
- Tryggja að kortlagningin sé framkvæmd í nánu samstarfi við Sama, þannig að sjónarhorn þeirra sé virt.
- Krafist verði að kortlagningin liggi fyrir áður en nýjar framkvæmdir hefjast í Sápmi.



13. Olíulausar Norðurslóðir

Ung Vinstri Græn, Sosialistisk Ungdom, Vasemmistonuoret, Rød-Grøn Ungdom, Unga Tjóðveldi, Inuusuttut Ataqtigiit

Norðurslóðir verða fyrir meiri áhrifum loftslagsbreytinga en flest önnur svæði jarðar. Norðurslóðir frammi fyrir stórum áskorunum vegna hækkandi hitastigs og þegar jöklar bráðna afhjúpast ný svæði sem geta hugsanlega innihaldið olíulindir. Freistingin að nýta þessar auðlindir til jarðefnaeldsneytis getur aukið loftslagsvandann og valdið enn frekari eyðileggingu á svæðum sem þegar eru á barmi umhverfishruns.

Í ljósi þessa er ákall eftir að Norðurskautssvæðið verði olíulaust. Í stað þess að leita að olíu eða bora eftir henni á þessum viðkvæmu vistkerfum ættu norðurskautsþjóðirnar að setja sjálfbærni í forgang og útiloka olíuleit með öllu. Með slíkri skuldbindingu getum við varðveitt einstök vistkerfi fyrir komandi kynslóðir.

Þess vegna ættu Norðurlöndin að:

- Skuldbinda sig til að Norðurslóðir leggi bann við olíuleit
- Banni olíuleit innan Norðurslóðum í sínum löndum



14. Banna auglýsingar á jarðefnaeldsneyti

Ung Vinstri Græn, Sosialistisk Ungdom, Vasemmistonuoret, Rød-Grøn Ungdom, Unga Tjóðveldi, Inuusuttut Ataqtigiit

Loftslagsváin krefst tafarlausra aðgerða til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og hraða orkuskiptum yfir í sjálfbæra orkugjafa. Á undanförunum árum hefur António Guterres, aðalritari Sameinuðu þjóðanna, ítrekað hvatt ríki til að banna auglýsingar olíufyrirtækja sem og hvatt fjólmiðla og samfélagsmiðla fyrirtæki til að hætta að birta auglýsingar á jarðefnaeldsneyti.

Markaðssetning jarðefnaeldsneytis svipar til tóbaksíðnaðinn áður fyrr – að hylma yfir skaðsemi vöru sem veldur óbætanlegu tjóni. Lönd víðsvegar um heim hafa bannað auglýsingar á tóbaki með þeim rökum að slíkar auglýsingar ýti undir neyslu sem hefur alvarlegar heilsufarslegar afleiðingar. Jarðefnaeldsneyti er um þessar mundir ein helsta ógnin við loftslag jarðar. WHO reiknar með 250.000 viðbótardauðsföllum árlega frá og með árinu 2030 vegna hamfarahlýnunar. Auglýsingar á jarðefnaeldsneyti viðhalda og jafnvel auka notkun á þessum skaðlegu orkugjöfum.

Bann við auglýsingum á jarðefnaeldsneyti væri þannig til þess fallið að vinna gegn normalísingu á neyslu væri þannig liður í þeirri hugarfarsbreytingu sem er grundvöllur að kolefnishlutlausri og lífvænlegri framtíð.

Því ættu Norðurlöndin að:

- Banna auglýsingar á jarðefnaeldsneyti og vörum sem tengjast framleiðslu og notkun slíkra orkugjafa. Bannið taki til allra tegunda auglýsinga á jarðefnaeldsneyti ásamt vörum og þjónustu sem notast við slíka orkugjafa í miklum mæli.



15. Ný norræn öryggisstefna

SNUS

Þegar óvissa ríkir í Evrópu er þörf á stöðugleika á Norðurlöndum. Með inngöngu Svía og Finna í NATO eru öll Norðurlöndin komin undir sömu regnhlíf í öryggismálum í fyrsta sinn frá því að Kalmarsambandið leystist upp á 16. öld. Ný tækifæri gefast á norrænu varnarsamstarfi, bæði í NATO og Norðurlandaráði.

Norðurlöndin tilkynntu í fyrra um aukið samstarf loftflotans með aukinni sameiginlegri boðvaldsskipan. Aukin samhæfing er einnig nauðsynleg á öðrum sviðum varnarmála og ætti að gerast í nánú samstarfi við NATO. Eftir því sem varnargetan verður samhæfðari verður eðlilegt að kanna möguleika á sameiginlegum innkaupum á hergögnum, búnaði og getu til að auka skilvirkni í hernaðarsamstarfi, bæði með hagræðingu í huga og frá stefnumarkandi sjónarhorni.

Heimasíður opinberra stofnana, bankar og sjúkraskýrslur verða stöðugt fyrir truflunum vegna rússneskra áróðursherferða. Norðurlöndin þurfa því að skapa vettvang fyrir upplýsingamiðlun, með sameiginlegum samskiptaleiðum og aukinni samvinnu um öflun upplýsinga til að koma í veg fyrir fjölþáttahernað.

Við leggjum til:

- að fleiri greinar norrænna varna verði samþættar, til dæmis með sameiginlegri þjálfun, æfingum og boðvaldsskipan, innan ramma NATO-samstarfsins;
- að komið verði á norrænum vettvangi fyrir upplýsingamiðlun til að auka netöryggi.



16. Koma í veg fyrir hægfara dauða líffræðilegrar fjölbreytni á Norðurlöndum

SNUS

Náttúra og líffræðileg fjölbreytni Norðurlanda er í bráðri hættu. Efla þarf norrænt samstarf til að stuðla að sjálfbærri og fjölbreyttri framtíð norrænnar náttúru. SNUS viðurkennir að verndun líffræðilegrar fjölbreytni er alþjóðlegt verkefni sem krefst samvinnu yfir landamæri. Samkvæmt skýrslu Sameinuðu þjóðanna um líffræðilega fjölbreytni og vistkerfabjónustu frá 2019 eru allt að ein milljón tegunda í útrýmingarhættu af manna völdum. Til að skýra þessar miklu áskoranir og koma í veg fyrir hnignun umhverfisins þarf meiri samhæfingu, samstarf og aðgerðir en hingað til þvert á landamæri Norðurlandanna. Norðurlöndin eiga sameiginlegan náttúruarf og standa frammi fyrir svipuðum ógnum við líffræðilegri fjölbreytni og því skiptir öflugt norrænt samstarf sköpum til að ná sjálfbærum lausnum.

SNUS vill beita sér fyrir sameiginlegri norrænni nálgun við stjórnun rándýrastofna. Samkvæmt Norrænu ráðherranefndinni fara um 10% af úlfastofninum árlega yfir landamæri Skandinavíu. Lífslíkur rándýra kalla á samstarf um verndun líffræðilegrar fjölbreytni sem felur í sér breytta nálgun varðandi verndun líffræðilegrar fjölbreytni, umhverfissjónarmið og tegundafjölbreytni. Stofna ber norræna ráðgjafarnefnd um rándýrastofna, skipaða sérfræðingum eins og líffræðingum og lögfræðingum, til að semja sameiginlegar leiðbeiningar um varðveislu, vernd og jafnvægi rándýrastofna. Í því felst samhæfing rannsókna og miðlun þekkingar og reynslu milli landa.

Norrænt samstarf á þessu sviði mun ekki aðeins stuðla að sjálfbærri stjórn rándýrastofna, heldur einnig virða þarfir nærsamfélaga og stuðla að varðveislu vistkerfanna. SNUS lítur á þetta sem dæmi um hvernig norræn samstaða getur leitt til aðgerða til að varðveita einstaka náttúru.

Við leggjum til:

- að sett verði á laggirnar norræn ráðgjafarnefnd um rándýrastofna, skipuð sérfræðingum, svo sem líffræðingum og lögfræðingum;
- að unnið verði að sameiginlegri norrænni stjórn rándýrastofna með því að semja sameiginlegar leiðbeiningar og stefnuáætlanir;
- að samhæfing rannsókna á rándýrastofnum verði aukin með því að miðla þekkingu og bestu starfsvenjum milli landa;
- að unnið verði saman að því sameiginlega markmiði að tryggja að rándýr eigi örugga og sjálfbæra framtíð með því að vernda náttúruleg búsvæði þeirra og auðlindir.



17. Hitastig hækkar og spennan eykst – mikil þörf á öflugu norrænu samstarfi á norðurslóðum

SNUS

Öryggisástandið á norðurslóðum hefur löngum verið stöðugt og lítil hættu verið á átökum á svæðinu. Kapphlaup stórveldanna, loftslagsbreytingar og stríðsrekstur Rússa í Úkraínu hefur hins vegar átt þátt í að breyta mikilvægi norðurslóða. Töluverð ógn stafar af Rússlandi og mikilvægt er að Norðurlöndin gegni virku hlutverki, einkum í NATO, til að gæta hagsmuna sinna á norðurslóðum, þar sem spenna og landfræðipólitískt kapphlaup færast í aukana.

Samstarfið við Rússland á norðurslóðum var afar traust allt til ársins 2014. Þegar Rússar hertóku Krímskaga dró úr trausti annarra ríkja í garð Rússa sem urðu áskorun í öryggismálum. Á undanförunum árum hefur Rússland sýnt aukinn áhuga á að nýta fjölmörg tækifæri á norðurslóðum, þar er átt við olíu- og gasvinnslu, fiskveiðar og undirbúning fyrir skipasiglingar til framtíðar vegna loftslagsbreytinga.

Núverandi staða vegna landfræðipólitískra breytinga í Evrópu, krefst meiri sóknar af hálfu NATO til að tryggja hagsmuni bandalagsins og koma í veg fyrir þróun verndarstefnu Rússa á svæðinu. Öll aðildarríki Norðurskautsráðsins, að Rússlandi undanskildu, eiga aðild að NATO og óttinn við mögnun átaka virðist ekki vera meiri en hættan sem skapast af því að vera ekki til staðar á svæðinu.

Hagsmunir Norðurlandanna á norðurslóðum verða varðir með því að viðhalda stöðugleika og frið sem byggist á alþjóðlegu samstarfi og virðingu fyrir alþjóðalögum. Á sama tíma og leitað er eftir samstarfi er mikilvægt að Norðurlöndin viðhaldi nægilegri varnargetu og viðbúnaði til að tryggja sjálfsstjórn og öryggi á norðurslóðum.

Við leggjum til:

- að tryggja virðingu fyrir alþjóðalögum, þar á meðal virða ákvæði Svalbarðasamningsins um leið og við leitum samstarfs um þróun svæðisins;
- að krefjast sterkra varnarvirkja og auka áherslur NATO á öryggi á norðurslóðum;
- að koma í veg fyrir að Rússar brjóti alþjóðlegar skuldbindingar varðandi siglingafrelsi um norðvesturleiðina og norðausturleiðina.



18. Norðurlöndin skulu styðja sjálfstæðisferli á svæðinu

Unga Tjóðveldið, Ung vinstri græn, Sosialistisk Ungdom, Vasemmistonuoret, Rød-Grøn Ungdom, Inuusuttut Ataqtigiit

Sum fullvalda ríki sem taka þátt í norrænu samstarfi hafa verið hlutar af öðrum fullvalda ríkjum og hvorki notið sjálfstæðis né sjálfsákvörðunarréttar. Löndin urðu sjálfstæð á mismunandi tímum og með mismiklum stuðningi frá löndunum sem þau slitu sambandi við. Ljóst er að eftir því sem ríkjasamband veitir minni andstöðu við óskir lands í sambandinu um sjálfsákvörðun og sjálfstæði því fyrr næst gott samstarf á jafnræðisgrundvelli, báðum aðilum til hagsbóta.

Í dag eru nokkur sjálfstjórnarsvæði í Norðurlöndum, sem eiga sér mismunandi óskir um sjálfstæði einhvern tíma í framtíðinni. Á Norðurlöndum eiga lýðræði og lýðræðisferli að ráða, og mikilvægt er að þjóðir landanna taki sjálfar ákvörðun um sjálfstæði.

Fámenum þjóðum er mikilvægt að eiga gott og gagnkvæmt samband við nágrennalöndin. Því ættu lönd sem eiga aðild að norrænu samstarfi að standa vörð um og auka tækifæri til náms, starfa og dvalar í hinum löndunum, auk þess að vinna saman að því að löndin verði öruggasta svæði heims til að búa á.

- Norðurlandaráð skuldbindi sig til að samþykkja tafarlaust að ný fullvalda ríki á svæðinu gerist aðilar að Helsingforssamningnum ef þau eru það ekki þegar;
- Norðurlöndin leitist við að viðurkenna ný fullvalda ríki, um leið og þau hafa lýst yfir sjálfstæði til alþjóðasamfélagsins;
- Norðurlandaráð skuldbindi sig til að standa vörð um og fjölga tækifærum til náms, starfa og dvalar hvarvetna á svæðinu, einnig ríkisborgunum hugsanlegra nýrra fullvalda ríkja á svæðinu.



19. Viðurkennum ungt fólk sem fullgilda þátttakendur í lýðræðinu

DUF - Dansk Ungdoms Fællesråd, Landsrådet for Norges barne- og ungdomsorganisasjoner

Ungt fólk er jafn hæft og ábyrgðarfullt og aðrir aldurshópar samfélagsins.

Ungt fólk undir 18 ára aldri er einnig ábyrgt og vill hafa áhrif á samfélagið sem fullgildir borgarar. Norðurlöndin ættu að innleiða kosningarétt og kjörgengi fyrir ungt fólk frá 16 ára aldri. Með því að gefa fleiri ungmennum kost á að hafa áhrif í stjórnámálum munu norræn samfélög tryggja að unga fólkinu finnist það eiga fulltrúa á stjórnmalasviðinu og að þau geti haft áhrif á þróun samfélagsins.

DUF vill að UNR vinni að því að:

- innleiða kosningarétt og kjörgengi fyrir 16 ára ungmenni, og að unnið verði að því að auka aðgengi að kosningum svo ungt fólk geti haft áhrif á lýðræðiskerfin á öllum stigum;
- efla skólakosningar sem leið til að tryggja að ungt fólk fái kynningu á kosningum og hvernig lýðræðiskerfið virkar;
- tryggja að allt ungt fólk hafi nauðsynlega þekkingu, stuðning og rétt tækifæri til að taka þátt í ungliðasamtökum.



20. Styrkja aðgerðir til að tryggja líðan ungs fólks í stafrænum samfélögum

DUF - Dansk Ungdoms Fællesråd, Landsrådet for Norges barne- og ungdomsorganisasjoner

Líf barna og ungs fólks fer nú fram bæði í raunheimi og netheimi, en mörg stafræn svæði þar sem börn og ungmenni eiga samneyti tryggja ekki góðar aðstæður fyrir vellíðan og þroska. Tímanotkunin er áskorun vegna þess að miðlarnir halda notendum föstum en einnig neikvæður samanburður og speglun sem stafrænir vettvangar bjóða upp á. Hitt er að þessir vettvangar gefa kost á samskiptum við vini og kunningja úr raunheimi auk þess að finna ný samfélög.

Á sama tíma er það vandamál að ungt fólk á Norðurlöndum hefur misgóðan aðgang að stafrænum innviðum, sem veita þeim ójöfn tækifæri til að nota stafræn tól og vettvanga sem gefa þeim kost á að taka þátt í lýðræðinu og þróun samfélagsins almennt.

Áskoranirnar virða engin landamæri og þörf er á samstarfi um löggjöf á Norðurlöndum, í ESB og á heimsvísu, en einnig á staðbundnum aðgerðum og á landsvísu.

DUF vill að UNR vinni að því að:

- skólar, frístundaúrræði, félagasamtök og aðrir staðir þar sem börn og ungt fólk á samstarf við önnur börn og ungmenni vinni að því að setja ramma og skapa góðan anda og venjur sem styrkja gott líf barna og ungs fólks;
- tryggt verði að börn og ungt fólk hafi eingöngu aðgang að stafrænum vettvöngum með efni við þeirra hæfi svo börnum og ungu fólki verði ekki haldið föstu eða boðið upp á skaðlegt efni; aðgengi ætti að vera stjórnað, meðal annars með öflugum aldursstaðfestingarkerfi;
- ungt fólk alls staðar á Norðurlöndum hafi jafnan aðgang að stafrænum innviðum og jöfn tækifæri til að nota stafræn tól og vettvanga sem gefa kost á þátttöku í lýðræðinu og þróun samfélagsins almennt.



21. Stöðva þjáningar óbreyttra borgara á Gaza

Grön Ungdom

Hamas gerði umfangsmikla árás á Ísrael þann 7. október 2023 þar sem meira en 1.200 manns létust og meira en 200 voru tekin í gíslingu. Um grimma og ómannúðlega árás var að ræða gegn saklausu fólki, aðgerð sem hefði aldrei átt að eiga sér stað. Ísrael brást við með stórfelldum hernaðarárásum gegn Gaza. Síðan hafa átökin versnað verulega og fjöldi látinna í Gaza er kominn yfir 40 þúsund, þar á meðal eru rúmlega 14 þúsund börn. Meira en 93 þúsund manns munu hafa særst.

Mannúðarkreppan á Gaza er einhverjar stærstu mannlegu hörmungar á okkar tíma. Börn deyja, skólar og sjúkrahús verða fyrir sprengjum, og almennir borgarar þjást vegna gifurlegs skorts á matvælum og lyfjum. Að sögn ýmissa stofnana Sameinuðu þjóðanna og mannréttindasamtaka hefur Ísrael drýgt marga stríðsglæpi á Gaza, þar á meðal varpað sprengjum á sjúkrahús, skóla og mikilvæga samfélagsinnviði. Ísrael hefur einnig komið í veg fyrir að mannúðaraðstoð berist almenningi en það er í trássi við alþjóðalög. Þá hefur búseta Ísraelsmanna á palestínsku landi, einkum Vesturbakkanum, aukist frá 7. október, sem er ólöglegt samkvæmt Alþjóðadómstólum (ICJ).

Þessar aðgerðir brjóta gegn alþjóðlegum mannúðarlögum. Borgaralegir innviðir, eins og sjúkrahús og skólar, sem og almenningur á átakasvæðum, á að njóta verndar samkvæmt alþjóðalögum. Eins er bannað að hindra mannúðaraðstoð eins og að matvæli, vatn og lyf berist almenningi, einnig á stríðstímum.

Engu að síður styðja mörg ríki heims rétt Ísraels til að verja sig eftir árás Hamas og hafa þau selt vopn til Ísraels sem eru notuð í stríðinu. Þá vaknar sú spurning hvar mörk sjálfsvagnar liggja? Að drepa börn, sprengja sjúkrahús og skóla, loka fyrir vatn, rafmagn og internet ætti ekki að teljast sjálfsvörn, heldur brot á mannréttindum og alþjóðalögum.

Til að stöðva mannúðarkreppuna á Gaza verður umheimurinn að bregðast við og þrýsta á Ísrael að virða alþjóðalög og reglur. Til að tryggja frelsun allra gísla þarf að koma á vopnahléi. Vesturlöndin, einnig Norðurlönd, gegna mikilvægu hlutverki til að krefjast þess að Ísrael virði alþjóðalög. Norðurlöndin hafa lengi verið leiðandi í heiminum í að stuðla að lýðræði, mannréttindum og virðingu fyrir alþjóðalögum, og þessi gildi hafa gert þau að fyrirmynd annarra landa. Nú er komið að Norðurlöndum að taka forystu í því að stöðva stríðið og stuðla að friðsamlegri lausn.

- Norðurlandaráð ungliða leggur til að Norðurlandaráðið ákveði að:
- aðildarlönd Norðurlandaráðs vinni að tveggja ríkja lausn milli Ísraels og Palestínu, í samræmi við alþjóðalög, til að stuðla að varanlegum friði og stöðugleika á svæðinu;
- aðildarlönd Norðurlandaráðs fordæmi að Ísrael komi í veg fyrir mannúðaraðstoð til Gaza; krefjast þess að Ísrael virði alþjóðleg mannúðarlög og heimili að mannúðaraðstoð berist tafarlaust til Gaza;
- aðildarlönd Norðurlandaráðs hvetji Ísrael til að virða alþjóðleg mannúðarlög, einkum varðandi verndun almennings og borgaralegra innviða á Gaza, svo sem skóla og sjúkrahúsa;
- Norðurlandaráð fordæmi með skýrum hætti landtöku Ísraels á palestínskum svæðum í samræmi við alþjóðalög, þar sem þær brjóta gegn ályktunum Sameinuðu þjóðanna og koma í veg fyrir friðsamlega lausn á deilunni. Ef Ísrael heldur áfram að stöðva mannúðaraðstoð til Gaza, brjóta alþjóðalög og viðhalda ólöglegri landtöku á palestínskum svæðum, á Norðurlandaráð að beita Ísrael refsiaðgerðum;
- aðildarlönd Norðurlandaráðs skulu taka sameiginlega ákvörðun um að stöðva tafarlaust allan útflutning hergagna til Ísraels á meðan landið heldur áfram að brjóta alþjóðalög og mannréttindi.

Heimildir

<https://www.icc-cpi.int/news/statement-icc-prosecutor-karim-aa-khan-kc-applications-arrest-warrants-situation-state>

<https://www.amnesty.org/en/latest/news/2024/07/icj-opinion-declaring-israels-occupa>



22. Fullgilda samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (ILO) nr. 169 og gera Norðurlöndin inngildandi

Centerpartiets Ungdomsförbund

Það er afar mikilvægt að öll Norðurlöndin fullgildi samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 169 sem verndar réttindi frumbyggja og ættflokka í sjálfstæðum ríkjum. Í lýðræði er afar mikilvægt að virða þjóðarbrot og frumbyggja, en það vefst fyrir Norðurlöndunum enn þann dag í dag. Fullgilding ILO-samþykktarinnar er ekki fullkomin lausn, en hún er mikilvægur þáttur í að bæta lífskjör frumbyggja.

Danir og Norðmenn fullgiltu samþykktina 1996 og 1990, án þess að það hefði skaðleg áhrif á hagkerfi eða þróun landanna. Þetta sýnir að fullgilding er bæði möguleg og til hagsbóta. Réttur Sama til að þróa menningarlega sjálfsmynd sína, tungumál og trú eru grundvallarmannréttindi sem Svíar og Finnar ættu að viðurkenna.

Samkvæmt alþjóðasamningi Sameinuðu þjóðanna um félagsleg, efnahagsleg og menningarleg réttindi hafa borgarar rétt til menningar og ríki eiga að stuðla að því að fólk fái notið þeirra réttinda. Menning Sama er mikilvægur hluti af menningu og sögu Norðurlanda, og norrænt samstarf verður að leggja áherslu á að allir íbúar geti ræktað og varðveitt sína menningu. Barnaréttarnefnd Sameinuðu þjóðanna leggur sérstaka áherslu á að vernda þessi réttindi barna sem einnig er kveðið á um í 30. grein Barnasáttmálans.

UNR hvetur Norðurlandaráð til að:

- stuðla að því að öll Norðurlöndin fullgildi samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (ILO) nr. 169.



23. Varsla kjarnorkuvopna á norrænu landi verði heimiluð

Nordens Liberale Ungdom

Frá því að Rússar gerðu allsherjarinnrás í Úkraínu 24. febrúar 2022 hefur ástand öryggismála í heiminum tekið stöðugum breytingum. Með aukinni ógn gegn hinum frjálsa vestræna heimi er samstaða brýnni en nokkru sinni fyrr, einkum hér á Norðurlöndum.

Nú þegar Svíar og Finnar eru orðnir aðilar að NATO viljum við að heimilt verði að varðveita kjarnorkuvopn á norrænu landi.

Það kemur þó í hlut NATO að meta hvort þess gerist þörf.

Við leggjum þetta til vegna þess að Rússland, sem er landfræðipólítískt og hernaðarlegt stórveldi, hótar iðulega að grípa til kjarnorkuvopna, einnig gegn Norðurlöndum. Ef það yrði raunin skiptir sköpum að NATO geti beitt 5. greininni fljótt og örugglega til að verja Norðurlöndin gegn hugsanlegri árás.

Tillagan felur í sér hernaðarlega uppbyggingu á Norðurlöndum, en einnig verulega aukningu á viðveru NATO á Norðurlöndum.

UNR leggur til að Norðurlöndin:

- heimili vörslu kjarnorkuvopna á norrænu landi ef NATO telur það nauðsynlegt.



24. Verkefnið „Samstaða norðurslóða“

Nordens Liberale Ungdom

Í ljósi óstöðugleika í heiminum er brýnt að efla norrænt samstarf um öryggismál á norðurslóðum.

Til að svo megi verða leggjum við til að NORDEFECO stækki áherslusvæði sín að landamærum Norðurlanda að Rússlandi á norðurslóðum. Þetta verði gert með samhæfðum hernaðaraðgerðum og öryggisráðstöfunum á svæðinu. Þessar áherslur munu tryggja sams konar og öfluga öryggisviðveru.

Við leggjum einnig til að stutt verði við rannsóknir og þróun til að bæta hernaðargetu okkar á norðurslóðum. Með því að sameina menntun á sviði varnarmála og alþjóðlegra öryggismála á Norðurlöndum getum við mótað sameiginlega stefnu til að bregðast við öryggisáskorunum. Þetta gerist með hernaðarþjálfun þar sem notað er námsefni sem sniðið er fyrir öll Norðurlönd. Í fræðsluefninu mætti leggja áherslu á norrænu tungumálin.

Við mælum einnig með því að stofna sjóð fyrir öryggismál á norðurslóðum til að fjármagna sameiginleg verkefni og innviði. Einnig ber að leggja áherslu á eftirlit með umhverfi og náttúru til að vernda norðurslóðir. Norðurlandaráð ungliða vill að verkefnið verði unnið í samstarfi við varnarlið Norðurlandanna, sem vita hvernig best er staðið að skilvirkri menntun á sviði varnarmála.

Þá er mikilvægt að styrkja diplómatiskt samskipti Norðurlandanna til að tryggja samstillt og árangursríkt samstarf á norðurslóðum.

UNR leggur til að:

- NORDEFECO stækki áherslusvæði sín að landamærum Norðurlanda að Rússlandi á norðurslóðum;
- hægt verði að gegna hluta herskyldunnar í verkefninu sem verði staðsett á norðurslóðum;
- stofnaður verði sjóður Norðurlandanna fyrir öryggismál á norðurslóðum.



25. Samstarf um málefni norðurslóða verði endurvakið

Unga socialdemokrater i Finland

Samstarf um málefni norðurslóða þarf að endurvekja á meðan einhverju er þar enn að bjarga. Útlitið er ekki bjart: Frá því að Rússar gerðu innrás hefur Norðurskautsráðið ekki getað fundað. Þrátt fyrir að ákvarðanatökur hafi stöðvast hafa vísindasamfélögin safnað verðmætum upplýsingum um ástandið á norðurslóðum sem ættu að vera mannkyninu verulegt áhyggjuefni.

Fólk hefur talið að norðurslóðir yrðu óbreyttar en hlýnun þar er margfalt hraðari en annars staðar í heiminum. Hröð hlýnun ógnar náttúru og lífsviðurværi á norðurslóðum. Þegar ísinn bráðnar og sífrerinn þiðnar verður öfgakennt veðurfar æ algengara á Norðurlöndum.

Norðurslóðir hafa einnig vakið áhuga stórveldanna. Rússar hafa aukið hernaðaruppbyggingu sína og ögra með heræfingum en Kínverjar sýna aukinn áhuga á siglingaleiðum í norðurhófum. Á meðan samstarf Rússlands og Kína eykst hefur starfsemi Norðurskautsráðsins og Barentsráðsins stöðvast og þá er hætt við að náttúra norðurslóða og sjálfsákvörðunarréttur íbúanna verði þrættuepli stórveldanna.

Norðurlöndin ættu að setja á laggirnar nýja samstarfsstofnun til að bregðast við áskorunum norðurslóða, án Rússlands ef þörf krefur.

Norðurlandaráð ungliða hvetur Norðurlöndin til að

- stofna nýjan samstarfsvettvang um málefni norðurslóða þar sem vísindasamfélög og ráðamenn vinna saman að því að draga úr loftslagsbreytingum og standa vörð um réttindi frumbyggja;
- auka fjármagn til rannsókna á norðurslóðum.



26. Verndun norrænnar náttúru

Unga socialdemokrater i Finland

Danskir laufskógar, íslenskar freðmýrar og fjalllendi og vatnsföll Skandinavíuskaga; náttúra Norðurlanda er fjölbreytt og ómetanleg fyrir líffræðilega fjölbreytni jarðar. Norðurlöndin þurfa að þróa samstarf sín á milli til að vernda náttúruna á áhrifaríkari hátt en nú er gert.

Núverandi umhverfisstefna nægir ekki til að forðast þá vistkreppu sem Norðurlöndin standa frammi fyrir. Farm Bird Index (FBI), sem notað er til að mæla líffræðilega fjölbreytni, sýnir að talan á Norðurlöndum hefur fallið um helming miðað við miðjan tíunda áratuginn. Auk hnignunar líffræðilegrar fjölbreytni hafa öll Norðurlöndin orðið fyrir áhrifum hnattrænna fyrirbæra eins og loftslagsbreytinga og mengunar vatnsfalla.

UNR hvetur öll Norðurlöndin til eiga virkt og nýstárlegt samstarf um umhverfisvernd. Norðurlandaráð ungliða krefst norrænnar samstöðu

- um að vernda hafið og vatnsföll, einkum að bregðast við umfangsmikilli mengun Eystrasaltsins;
- um að vernda svæði sem ná yfir landamæri með því að skipuleggja einnig náttúruverndarsvæði sem ná yfir landamæri;
- í norrænum náttúruvannsóknnum þannig að tryggt sé nægilegt fjármagn til rannsókna á norrænni náttúru og umhverfi.



27. Fjarlægja skipulagslög sem takmarka byggingarframkvæmdir

Nordens Liberale Ungdom

Óþarfar skipulagsreglur tefja fyrir þróun í þéttbýli og á húsnæðismarkaði þar sem þær torvela markaðinum að bregðast hratt við eftirspurn. Fyrir vikið geta myndast flöskuhálsar sem valda hækkun húsnæðisverðs. Með því að fjarlægja núverandi skipulagsreglur sem hamla byggingarframkvæmdum og þróun húsnæðis, getum við gert fólki kleift að finna húsnæði sem hentar þörfum þeirra og fjárhag. Afnáam þessara reglna getur stuðlað að nýsköpun og sveigjanleika í byggingarverkefnum og leyft markaðsöflunum að veða þyngra en stjórnsýslutakmarkanir.

Með breytingum á skipulagslögum getum við tryggt að húsnæðismarkaðurinn í framtíðinni verði bæði nýstárlegur og fjárhagslega aðgengilegur fyrir alla.

Við hvetjum til að:

- Norðurlöndin afnemi skipulagsreglur til að skapa þróttmeiri húsnæðismarkað.



28. Lögleiða neyslurými á öllum Norðurlöndum

Nordens Liberale Ungdom

Margir einstaklingar sem stríða við fíkniefnavanda neyta fíkniefna við aðstæður sem ógna heilsu þeirra en það eykur hættu á ofskömmtum þar sem aðstoð er ekki innan seilingar, oft með banvænum afleiðingum. Á sama tíma breiðast smitsjúkdómar út þegar efna er neytt við óþrifalegar aðstæður. Neysla efna við slíkar aðstæður er hættuleg bæði fíkniefnaneytendum en einnig öðrum þegar hættulegar aðstæður skapast á almannafæri. Nefna má sprautur sem eru skildar eftir á leikvöllum og í almenningsgörðum og eru hættulegar fyrir börn og aðra, og það skapar óöryggi í samfélaginu.

Neyslurými í ýmsum löndum hafa reynst árangursrík lausn á þessum vandamálum. Neyslurými draga úr hættu á ofskömmtum og sjúkdómum með því að veita fíkniefnaneytendum öruggt umhverfi til neyslu undir eftirliti heilbrigðisstarfsfólks. Í Danmörku einni er talið að neyslurými hafi bjargað meira en 300 mannlífum frá árinu 2015. Neyslurými eru einnig mikilvægur tengiliður fíkniefnaneytenda við félags- og heilbrigðisúrræði, meðal annars endurhæfingu og meðferð við fíkniefnavanda. Þetta er mikilvægt bæði fyrir viðkvæma hópa og samfélagið í heild.

UNR leggur til að:

- neyslurými verði lögleidd alls staðar á Norðurlöndum;
- unnar verði leiðbeiningar um hreinlæti, lækni meðferð og bráðabjónustu;
- neyslurými upplýsi og hvetji fíkniefnaneytendur til að leita sér meðferðar eða annarrar aðstoðar;
- notendum sem nýta neyslurými og heilbrigðisstarfsfólki sem þar starfar verði veitt vernd gegn lögsóknum vegna þess;
- ríkið veiti fjárhagslegan stuðning til sveitarfélaga sem vilja koma á neyslurýmum.



29. Hætta notkun vothreinsibúnaður í opnu ferli (OLS)

Suomen Kristillisdemokraattiset (KD) Nuoret

Hætta notkun vothreinsibúnaður í opnu ferli

Vothreinsibúnaður í opnu ferli (Open Loop Scrubbing [OLS]) er aðallega notaður í siglingum. Skip með OLS-kerfi nota sjó sem hvarfast við brennisteinsoxíð í útblæstri og breytir því í brennisteinssýru. Mengað vatnið er síðan losað út í sjóinn, sem veldur súrnun sjávar og skemmdum á lífríki hafsins.

Með þessum búnaði kemur mengun sjávar í staðinn fyrir loftmengun. Til eru útblásturshreinsikerfi sem valda ekki mengun. OLS er því tækni sem ætti að heyra sögunni til.

Þess vegna er lagt til:

- að Norðurlandaráð vinni að því að hætta notkun vothreinsibúnaðar í opnu ferli (OLS).



30. UNR telur að óþarfar og óafturkræfar aðgerðir sem framkvæmdar eru á kynfærum barna án þeirra samþykkis vera brot á trúar- og sjálfsákvörðunarrétti barna.

Samband ungra Framsóknarmanna

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna verndar börn fyrir hefðum sem eru skaðlegar heilbrigði þeirra og skyldar aðildarríki sáttmálans til þess að ryðja slíkum hefðum úr vegi. Rauði þráðurinn í Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna er að ávallt skuli hafa það sem er barninu fyrir bestu að leiðarljósi þegar teknar eru ákvarðanir um hag þess. Barnasáttmálinn kveður einnig á um að börn eigi rétt á að tjá sig um öll þau málefni er þau varða. Það samræmist illa sáttmálanum að foreldrar taki ákvarðanir um óþarfar óafturkræfar aðgerðir á líkama barns. Það kann að vera að einstaklingar vilji láta framkvæma slíkar aðgerðir af trúar- eða menningarlegum ástæðum. Ákvörðun um það verða þeir sjálfir að taka þegar þeir hafa náð aldri og þroska til þess að skilja afleiðingar aðgerðana.

Hundruðir íslenskra lækna hafa lýst yfir stuðningi sínum á frumvarpi sem var ætlað að banna umskurð drengja nema læknisfræðilegar ástæður liggi því til grundvallar.¹ Umboðsmenn barna á öllum Norðurlöndunum undirrituðu viljayfirlýsingu um bann á umskurð barna.² Á Íslandi hafa aðgerðir á kynfærum barna með ódæmigerð kyneinkenni verið bannaðar frá 2020 og á stúlkum frá 2005.

UNR krefst þess að Norðurlöndin:

- Eigi að standa fremst meðal þjóða í að verja rétt barna til yfirráða yfir eigin líkama.
- Banni óþarfar og óafturkræfar aðgerðir á kynfærum allra barna.



31. Kosningaaldur miði við fæðingarár

Samband ungra Framsóknarmanna

UNR telur að miða eigi við 1. janúar þess árs sem kjósandi nær aldri til þess að taka þátt í kosningum í stað afmælisdags. Í dag er staðan sú að fólk sem jafnvel hefur fengið sömu menntun og verið saman í félagslegu starfi frá fæðingu er mismunað eftir því hvenær á árinu það er fætt og getur því ekki tekið þátt í lýðræðislegum kosningum eins og kollegar sínir sem voru það heppnir að fæðast fyrr á árinu. Það gæti stuðlað að aukinni kosningaþátttöku að árgangar gangi saman til kosninga.

UNR hvetur þess að Norðurlöndin:

- Breyti löggjöf um kosningaaldur þannig miðað sé við 1. janúar þess árs sem kjósandi nær aldri til þess að taka þátt í kosningum í stað afmælisdags.



32. Sterkari norræn tungumál

Ung Vinstri Græn, Ungt Jafnaðarfólk, Samband Ungra Framsóknarmanna, Samband Ungra Sjálfstæðismanna, Ung Norræn

Tungumál eru grundvöllur menningarlegrar sjálfsmyndar og varðveita einstaka sögu, hefðir og gildi samfélaga. Á Norðurlöndum er mikill fjölbreytileiki tungumála og eru yfir 20 tungumál hér tölud þar sem flest þeirra eru minni tungumál og minnihlutamál. Minnihlutamál hafa þó staðið frammi fyrir kerfisbundnum áskorunum sem hafa ógnað afkomu þeirra verulega. Þvinguð aðlögun, tungumálabann í skólum og vanræksla á tungumálunum á opinberum vettvangi hefur leitt til þess að sum þessara tungumála hafa nánast dáíð út.

Norðurlöndin þurfa að horfast í augu við þessar áskoranir með því að gera öflugar og markvissar ráðstafanir til að vernda og efla lítil og minnihluta tungumál. Auka þarf fjárstuðning til verkefna sem hlúa að tungumálum og menningu þessara samfélaga. Þetta felur í sér að fjárfesta í bókmenntum, kvikmyndum, leikritum og stafrænu efni á þessum tungumálum. Sömuleiðis þarf að efla kennslu á bæði tungumálunum og á menningarsögunni sem tengist þeim. Huga þarf sérstaklega að tungumálakennslu fyrir þau sem tilheyra minnihlutahópum og hafa ekki fengið að læra á tungumálið sitt, oft vegna takmarkandi tungumálastefnu.

Því þarf Norðurlandaráð að:

- Auka fjárframlög til menningarverkefna á borð við bókmenntir, kvikmyndir og leikrit sem framleidd eru á smærri norrænum tungumálum eða um menningu þeirra
- Auka kennslu um norræn minnihlutatungumál í öllu menntunarkerfinu
- Styðja við menntun á kennurum og þróun kennsluefnis fyrir lítil og minnihluta tungumál og aðgengi þeirra hópa sem tungumálin tilheyra að slíku efni



For late resolutions to be considered, two-thirds of the session must vote in favour of accepting them for consideration.

33. Betri, ódýrari og vistvænni samgöngur milli Norðurlandanna

Ung vinstri græn, Sosialistisk Ungdom, Vasemmistonuoret, Rød-Grøn Ungdom, Unga Tjóðveldi, Inuusuttut Ataqtigiit

Almenningssamgöngur tengja saman þéttbýli og dreifbýli með öflugum neti strætisvagna, jarðlesta og járnbrauta sem gerir fólki, óháð fjárhag eða líkamlegu atgervi, kleift að komast leiðar sinnar dags daglega, án þess að valda álagi á loftslag og umhverfi.

Almenningssamgöngur standa aftur á móti frammi fyrir gífurlegum áskorunum. Hækkun fargjalda, færri ferðir og leiðir sem felldar eru niður torvelda almenningi að velja sjálfbæra samgöngukosti.

Við þurfum að standa saman til að bjarga almenningssamgöngum á Norðurlöndum og þróa þær með því að gera þær betri, ódýrari og umhverfisvænni. Þær þurfa ekki aðeins að tengja þéttbýli og dreifbýli, fjárhagslegan mun eða líkamlegar þarfir, heldur einnig að tengja Norðurlöndin yfir landamæri.

UNR mun vinna að því að:

- þróa sameiginlega norræna aðgerðaáætlun fyrir umskipti í almenningssamgöngum á Norðurlöndum með það fyrir augum að þær verði loftslags- og umhverfisvænar;
- tryggja góðar járnbrautarsamgöngur milli Norðurlanda;
- tryggja að almenningssamgöngur á Norðurlöndum séu aðgengilegar og reglulegar fyrir íbúa dreifbýlisins;
- innleiða einn farmiða sem veitir ókeypis aðgang að almenningssamgöngum þvert á Norðurlönd. Miðinn ætti að vera á viðráðanlegu verði fyrir alla, óháð fjárhag.



For late resolutions to be considered, two-thirds of the session must vote in favour of accepting them for consideration.

34. Ríkisfang á Norðurlöndum

Ung vinstri græn, Sosialistisk Ungdom, Vasemmistonuoret, Rød-Grøn Ungdom, Unga Tjóðveldi, Inuusuttut Ataqtigiit

Ríkisfang er grundvöllur öryggis einstaklinga, þátttöku í lýðræðinu og tilfinningalegrar tengingar við landið sem þeir búa í. Alltof margir Norðurlandabúar eru án ríkisfangs, jafnvel þótt þeir séu fæddir í norrænu landi eða hafi búið þar mestan part ævinnar. Þetta er stórt lýðræðislegt vandamál.

Lýðræðishallinn birtist ekki aðeins í kjörklefanum, heldur einnig í daglegu lífi ríkisfangslausra samborgara okkar. Flókin skriffinnsla og takmarkaður réttur til frelsis er hluti af daglegu lífi þeirra. Til að tryggja réttlátt og fjölbreytt samfélag er nauðsynlegt að fleiri íbúar landa okkar öðlist ríkisfang.

UNR skal vinna að því að:

- Norðurlandaráð ungliða telur að öll sem hafa búið í einu Norðurlandanna í að minnsta kosti 10 ár eigi sjálfkrafa rétt á ríkisfangi í viðkomandi landi;
- Norðurlandaráð ungliða telur að öll sem hafa búið í einu Norðurlandanna í 3 ár eða lengur, en þar áður í öðru norrænu landi, þannig að samanlagt búseta sé að lágmarki 10 ár, eigi sjálfkrafa rétt á ríkisfangi í búsetulandinu þegar sótt er um;
- Norðurlandaráð ungliða telur að umsókn um ríkisfang eigi að vera gjaldfrjáls;
- Norðurlandaráð ungliða telur að kröfur um atvinnuþátttöku, tungumálakunnáttu og breytni skuli rýmkaðar verulega;
- Norðurlandaráð ungliða telur að nám eigi einnig að teljast sem atvinna þegar sótt er um ríkisfang.



For late resolutions to be considered, two-thirds of the session must vote in favour of accepting them for consideration.

35. Ecocide angreb skal erstattes efter krigsførelse.

Nordens Liberale Ungdom

I dag erstattes ødelæggelser af krigsmæssige aktioner efter krigstid. Men ødelæggelser på natur er ikke med i denne erstatning. Der kan ødelæggelser på naturen "ecocide" anvendes i krig og ikke blive erstattet. Det er tragisk i forhold til at verden står overfor en klima- og miljøkrise, som skal løses. Derfor må vi kræve at krigsførende nationer erstatter for deres ødelæggelser.

Efter begyndelsen på Ruslands fulde invasion af Ukraine den 24. februar 2022, har det internationale samfund været vidne til mange grufulde angreb på det ukrainske folk og territorie.

Rusland har blandt andet anvendt ecocide som et våben mod Ukraine, hvor de ødelægger Ukrainisk natur, som et led i deres invasion. Mest tydeligt var det med Kakhovka dæmningen, som blev ødelagt den 6. juni 2023. Det skabte oversvømmelser på 83.000 hektar land, et område på størrelse med Ukraines hovedstad, Kiev.

Ødelæggelsen af dammen ledte til 40 oversvømmede byer, ti-tusindevis af mennesker på flugt og en druknet natur, forurenet drikkevandet for over 700.000 mennesker og har oversvømmet fødevareproducerende marker.

Sådanne angreb ødelægger naturen og tager årtier eller århundrede at genopbygge. Derfor må vi sørge for at ecocide ikke anvendes som våben i krigsførelse.

Ungdommens Nordiske Råd opfordrer Nordisk Råd til at:

- Få FN til at indskrive erstatningskrav efter ecocide angreb.